



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Fjarðabyggð, 14.10.2020
Tilvísun 2009230/10.1

Auglýsing vegna byggðakvóta Fjarðabyggðar fiskveiðiárið 2020/2021

1.gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 731 frá 21. júlí 2020 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2020/2021 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélagi:

Fjarðabyggð.

Ákvæði reglugerðar nr. 731/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Stöðvarfjarðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði b-liðar 1. gr. breytist og verður: Eru skráð í viðkomandi byggðarlagi 13. október 2020.
- b) Ákvæði 1. másl. c-liðar 1. gr. breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í sveitarfélaginu 13. október 2020.
- c) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, á þann veg að 37% byggðakvóta byggðarlagsins skal skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar en 63% byggðakvóta byggðarlagsins skal skipt hlutfallslega á þau sömu skip, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020.
- d) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa, þeim afla sem telja á til byggðakvóta, innan viðkomandi byggðarlags til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.



Ákvæði reglugerðar nr. 731/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Breiðdalsvíkur með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal *skipt þannig að 25% byggðakvóta byggðarlagsins skal skipt jafnt milli skipa og 75% skal skipt hlutfallslega til sömu skipa* af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, innan viðkomandi byggðarlags á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020.

Ákvæði reglugerðar nr. 731/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Mjóafjarðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal *skipt þannig að 25% byggðakvóta byggðarlagsins skal skipt jafnt milli skipa og 75% skal skipt hlutfallslega til sömu skipa* af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, innan viðkomandi byggðarlags á tímabilinu 1. september 2019 til 31. ágúst 2020.
- b) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa, þeim afla sem telja á til byggðakvóta, *innan viðkomandi byggðarlags* til vinnslu innan *sveitarfélagsins* á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.


F.h. Fjarðabyggðar
Valgerir Ægir Ingólfsson
Atvinnu- og þróunarstjóri